



Síða 1 af 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<p>Námsáætlun Spænska (SPÆN1PR05) Haustönn 2018</p>	

Kennari: María del Mar Minuesa Moya	Netfang: maria@fva.is
---	---------------------------------

Námstögn: ELE Actual A2, lesbók og vinnubók. Aukaefni frá kennara: Textar, æfingar í málfræði og orðaforða. Orðabækur: Spænsk – íslensk, Íslensk – spænsk (Forlagið), Snara.is, Wordreference.com og Spanishdict.com
--

Lýsing: Viðfangsefni undanafarans eru rifjuð upp. Haldið er áfram að auka færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu spænskumælandi landa. Ný málfræðiatríði eru þjálfuð, nemendur læra nýja tíð sagna, lýsingabátíð (pretérito imperfecto). Einnig er haldið áfram að þjálfa nemendur í atburðabátíð (pretérito indefinido) og núliðinni tíð (pretérito perfecto).

Markmið (þekking, leikni, hæfni) Í áfanganum er lögð áhersla á grundvallaratriði í málfræði spænskrar tungu og menningu spænskumælandi þjóða. Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á orðaforða nútímapjóðfélags á mismunandi tímum, siðum, venjum og menningu. Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skrifa einfalda texta um almenn atriði daglegs lífs sem og getað tjáð sig munnlega með því að nota þann grunn sem lagður var fyrir í fyrri áfanga. Nemandi skal geta nýtt sér þá hæfni sem hann hefur aflað sér til að geta náð í og skilið helstu upplýsingar úr textum kennslubókar sem og tekið þátt í munnlegum samræðum í hópum.

Síða 2 af 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Spænska (SPÆN1ÞR05) Haustönn 2018	

Námsmat:

Kaflapróf	30% (2 kaflapróf, hvort gildir 15%)
Sagna-og orðaforðapróf	40% (5 á önn, hvert gildir 8%)
Ritunarverkefni	10% (2 ritunarverkefni, hvort gildir 5%)
Munnlegt próf/ verkefni	10%
Raunmæting	10%


- **Kaflapróf** eru próf úr því námsefni sem farið hefur verið yfir hverju sinni í tímum. Kaflapróf eru 2 yfir önnina og fara fram í tíma.
- **Sagna-og orðaforðapróf** eru smærri próf úr sögnum og orðaforða sem koma fram í köflum kennslubókar hverju sinni. Farið verður í 10 kafla á önninni og prófað verður úr 2 köflum hverju sinni og eru prófin því alls 5. Tekinn verður hluti úr tíma í prófin.
- **Ritunarverkefni** er ritun sem er skilað inn til kennara. Ritunin er stutt frásögn úr völdu námsefni kennslubókar sem hefur verið til umfjöllunar í kennslustundum. Ritunarverkefni eru 2.
- **Munnlegt próf / verkefni** – Fyrirkomulag verður nánar útskýrt síðar í kennslustund þegar þar að kemur.
- **Raunmæting:** Forsenda árangurs í tungumálanámi er góð mæting og ástundun.

ATH: Ekkert lokapróf er í áfanganum og því mikilvægt að nemandi vinni vel jafnt og þétt yfir önnina.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

- Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á INNU. Nemendum með frávik frá skólasóknarreglu er sérstaklega bent á þetta.
- Nemendum ber að virða skilafresti verkefna. **Aldrei** er hægt að skila verkefnum eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau tilbaka. Ekki er hægt að vinna upp verkefni annarinnar í annarlok.
- Kaflapróf / Sagna-og orðaforðapróf skulu tekin á réttum tíma. Ef nemandi er fjarverandi þegar próf er tekið í tíma skal hann sjálfur leitast við að hafa samband við kennara hið fyrsta til að taka prófið seinna. Hafi nemandi ekki samband er litið svo á að hann ætli ekki að taka prófið og þá skráist einkunnin 0. Ekki er hægt að taka kaflapróf / sagnaorðaforðapróf eftir að nemendur hafa fengið þau tilbaka leiðrétt frá kennara.
- Taka verður munnlegt próf / verkefni til að ljúka áfanganum.
- Tölvur og farsímar eru einungis leyfð í kennslustundum til að leysa verkefni og skulu ekki sjást uppi á borðum eða annarsstaðar ef ekki er verið að nota þau til slíks. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búist við að fá fjarvistarstig. **Sjá nánar um notkun snjalltækja í skólareglum FVA.**

Nemendur eiga ekki að rápa inn og út úr kennslustundum. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búist við að fá fjarvistarstig.

Síða 3 af 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	<p>Námsáætlun Spænska (SPÆN1PR05) Haustönn 2018</p>	

Tími við nám:

Tímasókn 60 klst.

Heimavinna og undirbúningur fyrir tíma: 20 klst.


Undirbúningur fyrir kaflapróf /sagna-og orðaforðapróf: 30 klst.

Undirbúningur fyrir ritunarverkefni: 5 klst.

Undirbúningur fyrir munnlegt próf / verkefni: 5 klst.

Alls: 110 klst. /21 = 5 einingar

Vika	Dags	Námsspættir	Námsmatspættir
1	20-08/24-08	Kynning. Upprifjun	Presentación y repaso.
2	27-08/31-08	ELE Actual 2: Lección 5 Experiencias y opiniones	
3	03-09/07-09		
4	10-09/14-09	Lección 6 <i>Ropa y complementos</i> Ritunarverkefni 1	Redacción 1
5	17-09/21-09	Lección 7 <i>¡Feliz cumpleaños!</i> Sagna-og orðaforðapróf 1	Prueba de verbos y vocabulario 1
6	24-09/28-09	Lección 8 <i>Contar un viaje</i>	
7	01-10/05-10	Lección 9 <i>Famosos</i> Sagna-og orðaforðapróf 2	Prueba de verbos y vocabulario 2
8	08-10/12-10	Lección 10 <i>Permisos y favores</i>	
9	15-10/19-10	Lección 10 - Framhald og upprifjun úr köflum 6-10 Kaflapróf 1	Prueba 1
10	22-10/26-10	Lección 11 <i>¿Cómo quedamos?</i> Sagna-og orðaforðapróf 3	Prueba de verbos y vocabulario 3
11	29-10/02-11	Lección 12	

Síða 4 af 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun Spænska (SPÆN1ÞR05) Haustönn 2018	

		<i>De viaje</i>	
12	05-11/09-11	Lección 13 <i>¿Qué tal el fin de semana?</i> Sagna-og orðaforðapróf 4	Prueba de verbos y vocabulario 4
13	12-11/16-11	Lección 14 <i>Objetos y regalos</i> Ritunarverkefni 2	Redacción 2
14	19-11/23-11	Lección 15 <i>Costumbres del pasado</i>	
15	26-11/30-11	Lección 15 – Framhald Sagna-og orðaforðapróf 5	Prueba de verbos y vocabulario 5
16	03-12/07-12	Lección 15 – Framhald og upprifjun úr köflum 11-15 Kaflapróf 2	Prueba 2
17	10-12/14-12	Munnlegpróf.	Examen oral.
18	17-12/21-12	Revisión de exámenes.	

